

## Leiðbeiningar fyrir fagráð Innviðasjóðs

### Inngangur

Þann 20. desember 2012 samþykkti Alþingi Íslendinga breytingar á lögum nr. 3 frá 2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sem fól meðal annars í sér að hlutverk Tækjasjóðs var útvíkkað og nafni hans breytt í Innviðasjóð. Í 2 gr. 2. mgr. laganna segir: „Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.“

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs mótar úthlutunarstefnu sjóðsins og stjórn Innviðasjóðs gefur út úthlutunarreglur (sjá [rannis.is/sjodir/innvidasjodur](http://rannis.is/sjodir/innvidasjodur)).

### Fagráð

Fagráð Innviðasjóðs er skipað til tveggja ára með möguleika á framlengingu 2 ár til viðbótar. Í fagráði Innviðasjóðs sitja 7 einstaklingar sem skipaðir eru af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs. Við samsetningu fagráðsins er tekið mið af fjölbreytninni með því að skipa fulltrúa frá sem flestum fagsviðum (félagsvísindi, heilbrigðisvísindi, hugvísindi, listir, menntavísindi, verkfræðifræði og náttúruvísindi).

Hlutverk fagráðsins er að leggja mat á gæði umsókna til Innviðasjóðs m.t.t. nokkurra meginþátta (svo sem mikilvægis innviða fyrir rannsóknir, aðgengis annarra vísindamanna að innviðunum, raunhæfi kostnaðar-/rekstraráætlunar og vísindalegrar virkni umsækjendahóps).

Umsjónarmaður sjóðsins hjá Rannís forskoðar umsóknir og leggur til við stjórn Innviðasjóðs að þeim umsóknum verði vísað frá sem ekki uppfylla reglur sjóðsins. Fagráðsmenn fá síðan lista yfir gildar umsóknir og merkja við þær umsóknir sem þeir telja sig vanhæfa til að fjalla um (sjá reglur um vanhæfi að neðan) og einnig við þær umsóknir sem þeir telja sig vera vel hæfa til að meta. Umsóknum er skipt á milli fagráðsmann þannig að tilgreindur er 1. og 2. lesari, en 1. lesari ber ábyrgð á að taka saman drög að mati fagráðsins í samráði við 2. lesara. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda umsókna á hvern fagráðsmann.

Haldnir eru fagráðsfundir þar sem 1. yfirlesari kynnir umsóknir sem hann ber ábyrgð á og sín eigin drög að mati/flokkun. Næst kynnir 2. lesari sínar athugasemdir og allt fagráðið ræðir síðan umsóknina og kemur sér saman um endanlegar niðurstöður mats. Á fundinum er umsóknunum raðað í þrjá flokka:

- I. Í I. flokk fara umsóknir sem fagráð telur að beri af og eigi að njóta forgangs í styrkveitingum úr sjóðnum.
- II. Í II. flokk fara umsóknir sem eru styrkhæfar og ber að styrkja ef nægt fé er í sjóðnum.
- III. Í III. flokk fara umsóknir sem fagráðið telur að ekki beri að styrkja.

Fagráð ber sameiginlega ábyrgð á lokamati/röðun umsókna sem sent er stjórn sjóðsins til umfjöllunar. Formaður fagráðsins kynnir niðurstöður fagráðsins á fundi með stjórn sjóðsins.

## Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal hafa í huga að Innviðasjóður úthlutar almannafé. Þannig er mikilvægt að líkur séu til að styrkurinn leiði til aukinnar þekkingar og færni innan sviðsins sem viðkomandi umsækjandi starfar á.

Við mat á umsóknum skal leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

1. *Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda.* - Hversu mikilvægir eru innviðirnir fyrir áframhaldandi rannsóknir umsækjenda og hvernig voru rannsóknir umsækjenda framkvæmdar áður? Geta umsækjendur framkvæmt ætlaðar rannsóknir án innviðanna? Hverjar eru líkurnar á því að innviðirnir nýtist til þess sem fram kemur í umsókn miðað við feril umsækjanda?
2. *Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður og/eða Markáætlun styrkir.* - Er verið að byggja upp aðstöðu fyrir rannsóknir sem ekki hefur verið hægt að stunda áður? Munu innviðirnir opna nýja möguleika fyrir rannsóknir á fræðasviðinu (eða víðar)? Geta umsækjendur framkvæmt styrktar rannsóknir án innviðanna?
3. *Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði.* - Munu innviðirnir leiða til nýliðunar meðal vísinda- og fræðimanna?
4. *Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti.* - Hversu margir standa að umsókninni og er um samstarf að ræða? Nýtast innviðirnir öllum umsækjendum? Munu þeir nýtast fleiri vísindamönnum en umsækjendum?
5. *Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar.*

*Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað.*

## Reglur um vanhæfi

Eftirtaldar reglur gilda um vanhæfi við mat umsókna og úthlutun styrkja úr sjóðum í umsýslu Rannís:

1. Fagráðsmaður getur ekki verið í forsvari fyrir umsókn í sjóðinn.
2. Þegar fagráðsmaður er sjálfur þátttakandi í umsókn er hann vanhæfur á þá umsókn. Sama gildir ef náíð skyldmenni fagráðsmanns og venslamenn eða nánir vinir eru umsækjendur.
3. Ef fagráðsmaður er forsvarsmaður stofnunar eða fyrirtækis, er hann vanhæfur til umfjöllunar um umsóknir frá þeirri stofnun eða fyrirtæki. Sama gildir um umsóknir samkeppnisaðila í sömu grein.
4. Ef fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá öðrum starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við starfsmenn sem annast verkefnið eða hversu nán húsbændatengsl eru við yfirmenn viðkomandi stofnunar. Hér verður að byggja á dómgreind viðkomandi einstaklings og ber að ræða opið innan hópsins. Þessi tengsl þurfa ekki almennt að leiða til vanhæfis.

5. Ef fagráðsmaður er í faglegrri samkeppni innan sama eða nátengds sviðs eða í persónulegri andstöðu við umsækjanda, ber honum að lýsa sig vanhæfan. Samkeppnisstaða leiðir fremur til vanhæfis en „jákvæð“ tengsl. Þannig veldur eingöngu náin vinátta vanhæfi en ekki kunningskapur.
6. Ekki skal leita umsagna hjá aðilum sem eru í opinni andstöðu við umsækjendur eða í beinni samkeppni um rannsóknafé á sama sviði.

Að auki ber að taka tillit til 3. gr. stjórnáslulaga (nr. 37/1993). Sé fagráðsmaður vanhæfur ber honum að segja sig frá allri umfjöllun um þá umsókn sem vanhæfi nær til. Sitji maður í stjórn, ráði eða nefnd sem fjallar um umsóknina ber honum að víkja af fundi meðan umsókn er rædd.